

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Met

Íslandsmetahæf mót:

Hægt er að slá Íslandsmet á mótum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði.

1. Að mótið fari eftir reglum WA og BFSÍ.
2. Að mótið sé tilkynnt til BFSÍ að lágmarki 20 dögum áður en mót hefst.
3. Að landsdómari eða dómari með hærri dómaragráðu dæmi á mótinu.
4. Að skotsvæði sé í samræmi við reglur WA um uppsetningu vallar. (Book 2, chapter 7)
5. Að rafrænar niðurstöður og skráning séu gerðar í samræmi við reglur.

Til staðfestingar á Íslandsmetum er nægilegt að vísa í rafrænar niðurstöður IANSEO af mótinu sem uppfyllir skilyrðin hér fyrir ofan.

BFSÍ tekur ekki ábyrgð á því að uppfæra Íslandsmetaskrá með metum nema metin hafi verið tilkynnt í gegnum viðeigandi form á bogfimi.is. Íslandsmet þarf að tilkynna til BFSÍ í síðasta lagi 30 dögum eftir að móti lýkur sem metið var slegið á.

Íslandsmet er hægt að slá í öllum aldursflokkum, fjarlægðum og skífustærðum sem keppt er í á Íslandsmótum. Nýtt Íslandsmet þarf að vera a.m.k. 1 stigi hærra en núverandi met.

Einstaklingar sem mega keppa um Íslandsmeistaratitil í ákveðnum flokki geta slegið Íslandsmet í þeim flokki.

Evrópu/heimsmetahæf mót:

Sé um Evrópumet og/eða heimsmet að ræða þarf að tilkynna það tafarlaust eftir lok móts til BFSÍ, ásamt upprunalegu skorblaði, eða afriti undirrituðu af dómara mótsins og vottum. Sjá nánar í reglubók WA um heimsmet.

Til þess að mót skráist sem Evrópu- og heimsmetahæft þarf að óska sérstaklega eftir því við skráningu mótsins til BFSÍ.

Evrópu- og heimsmetahæf mót þurfa að mæta sömu kröfum og Íslandsmetahæf mót. Til viðbótar skal landsdómari stig 2 vera yfirdómari á heims- og Evrópumetahæfum mótum innan vébanda BFSÍ.

Íslandsmetaskrá og gilding nýrra meta:

Formaður BFSÍ gildir Íslensk met, uppfærir Íslandsmetaskrá og heldur utan um hana á vefsíðu sambandsins.